



### Siðareglur starfsfólks Fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar

Í starfi sínu hjá Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar ber starfsfólk að:

- sýna öllum sem þeir veita aðstoð virðingu, kurteisi, heiðarleika og leitast við að byggja upp gagnkvæmt traust.
- hvetja og virkja einstaklinga sem þeir veita aðstoð, til að móta eigið líf og til sjálfstæðis.
- veita þjónustu og stuðning af ábyrgð og nærgætni með velferð einstaklingsins að leiðarljósi og virða mannréttindi hans.
- virða einkalíf einstaklingsins og gæta þagnarskyldu. Sýna skal einstaklingi og vinnuveitanda trúnað einnig eftir að störfum er lokið.
- mismuna engum t.d. vegna aldurs, fötlunar, kyns, kynþáttar, kynhneigðar, þjóðernis, trúarbragða og leggja ekki hvert annað í einelti.
- vera öllum sem það veitir aðstoð jákvæð og góð fyrirmynnd.
- sýna aðstandendum kurteisi, virðingu og heiðarleika í viðmóti og umræðu.
- stuðla að því með starfi sínu að efla virðingu í samfélagini fyrir öllum sem njóta aðstoðar fjölskyldusviðs.
- þekkja réttindi einstaklingsins og vinna samkvæmt gildandi lögum þar um.
- tileinka sér vönduð vinnubrögð og stundvísni.
- sýna samstarfsfólk kurteisi, virðingu, trúnað og heiðarleika í viðmóti og umræðu og styðja og styrkja hvert annað í starfi.
- leita sér upplýsinga, menntunar og fræðslu til að ná árangri í starfi og vera tilbúin að miðla þekkingu.

**Verði starfsmaður þess áskynja að ekki sé farið að siðareglum þessum og verið er að brjóta á rétti einstaklingsins skal hann tilkynna það næsta yfirmanni.**

Fjarðabyggð 7. september 2018

  
Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri



Samþykkt í félagsmálanefnd 28. ágúst 2018  
Samþykkt í bæjarráði 3. september 2018  
Samþykkt í bæjarstjórn 6. september 2018